

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. mars 2004

um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE

(tilkynnt með númeri C(2004) 1282)

(Texti sem varðar EES)

(2004/292/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðis<sup>(1)</sup>, einkum 37. gr. og 37. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á<sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE<sup>(3)</sup>, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398 frá 19. júlí 1991 um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyrivalda (Animo)<sup>(4)</sup> eru meginreglurnar um samskiptanetið milli dýralæknaeininganna, sem taldar eru upp í ákvörðun 2002/459/EB, skilgreindar<sup>(5)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB<sup>(6)</sup> skal þróa tölvukerfið Traces sem samþættir hlutverk Animo-kerfisins og Shift-kerfisins innan ramma eins kerfis.

- 3) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna<sup>(7)</sup> skulu samningarnir milli aðildarríkjanna og móðurstöðvar Animo falli úr gildi 31. mars 2004. Því er rétt að miða upphafsdag Traces-kerfisins við þessa dagsetningu svo ekki þurfi að endurnýja samningana.
- 4) Sum aðildarríkjanna geta ekki tekið Traces-kerfið í notkun á þeim degi sem framkvæmdastjórnin tiltekur, þ.e. 1. apríl 2004, þar sem þau eru ekki enn tilbúin að skipta úr Animo-kerfinu yfir í Traces-kerfið. Því ber að ákveða aðlögunartíma til að gera þessum aðildarríkjum kleift að ljúka við að flytja sig yfir í Traces-kerfið.
- 5) Breyta skal ákvörðun 92/486/EBE til þess að hægt sé að endurnýja samninga milli þeirra aðildarríkja sem nýta sér aðlögunartímann og móðurstöðvar Animo.
- 6) Aðlaga verður samninga milli móðurstöðvar Animo og skoðunarstöðva á landamærum í Þýskalandi, Austurríki og Ítalíu, sem taldar eru upp í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004 frá 18. febrúar 2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit dýralæknis með þeim<sup>(8)</sup>, með hliðsjón af því að fyrirhugað er að þessar skoðunarstöðvar hverfi með inngöngu nýrra aðildarríkja.
- 7) Til þess að gera fyrsta hópi aðildarríkjanna sem flytur sig yfir í Traces-kerfið kleift að aðlagast því ber að innleiða aðgerðir nýja kerfisins í áföngum en tryggja jafnframt að það veiti jafngóðar upplýsingar og Animo-kerfið allt frá fyrsta degi.
- 8) Allar upplýsingar sem eru í sameiginlega dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðinu sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004<sup>(9)</sup> fyrir afurðir, í sameiginlega dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðinu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 282/2004 fyrir dýr og í vottorðum vegna viðskipta innan Bandalagsins eins og þau voru samræmd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004<sup>(10)</sup>, skulu sendar um Traces-kerfið.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2001/572/EB (Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 16).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB (Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 243, 25.08.1992, bls. 27. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 95/1/EB (Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 113).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 221, 9.8.1991, bls. 30.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 159, 17.6.2002, bls. 27. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/831/EBE (Stjtið. ESB L 313, 28.11.2003, bls. 61).

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 8, 14.1.2003, bls. 44.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2003/236/EB (Stjtið. ESB L 87, 4.4.2003, bls. 12).

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 11.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.

<sup>(10)</sup> Sjá bls. 44. í þessu hefti Stjtið. ESB.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Animo“: tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda sem kveðið er á um í ákvörðun 91/398/EBE.
- b) „Traces“: samþætt dýraheilbrigðistölvakerfi sem kveðið er á um í ákvörðun 2003/24/EB.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu nota Traces-kerfið frá 1. apríl 2004 og hætta að senda tilkynningar um Animo-kerfið frá og með þeim degi.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi gögn séu færð inn í Traces-kerfið frá 1. apríl 2004.

- a) I. hluti vottorða sem varða viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýrarákinu ef fyrirframtilkynningar er krafist.
- b) Samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir dýr sem flutt eru til aðildarríkis á leið til annars aðildarríkis.
- c) Samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir afurðir í umflutningi innan Bandalagsins og fyrir afurðir sem heimilaðar eru samkvæmt reglunum sem um getur í 8. gr., 4. mgr. 12. gr. og í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi gögn séu færð inn í Traces-kerfið frá 31. desember 2004.

- a) I. og II. hluti heilbrigðisvottorða sem varða viðskipti og III. hluti ef dýraheilbrigðiseftirlit fer fram.
- b) Samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir öll dýr sem flutt eru til Bandalagsins.
- c) Samræmda dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorðið fyrir allar afurðir sem fluttar eru til Bandalagsins óháð tollfyrirkomulaginu sem gildir um þær.

*4. gr.*

Líta ber á allar tilvísanir í Animo-kerfið í löggjöf Bandalagsins sem tilvísanir í Traces-kerfið frá og með:

- a) 1. apríl 2004 fyrir þau aðildarríki sem nýta sér ekki undanþáguna sem kveðið er á um í 5. gr.

- b) 31. desember 2004 fyrir þau aðildarríki sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 5. gr.

*5. gr.*

Þrátt fyrir 2. gr. geta þau aðildarríki, sem þess óska, beðið með að innleiða Traces-kerfið þar til í síðasta lagi 31. desember 2004. Í því tilviki verða þau að framlengja samninga sína við móðurstöð Animo. Þau verða einnig að heimila móðurstöð Animo að láta framkvæmdastjórninni í té eintak af öllum tilkynningum sem þau senda.

*6. gr.*

Í 2. gr. a í ákvörðun 92/486/EB bætist við eftirfarandi 8. mgr.:

„8. Samræmingaryfirvöldin í þeim aðildarríkjum sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 5. gr. ákvörðunar 2004/292/EB (\*) skulu sjá til þess að samningarnir, sem um getur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, séu framlengdir fyrir tímabilið frá 1. apríl 2004 til 31. desember 2004 nema um sé að ræða skoðunarstöðvar á landamærum sem taldar eru upp II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 282/2004 en fyrir þær gildir tímabilið frá 1. apríl 2004 til 30. apríl 2004.

Eftirfarandi gjöld gildi að því er varðar þessa málsgrein:

- 290 evrur á einingu (móðureining, staðareining, skoðunarstöð á landamærum).
- 32 evrur á skoðunarstöð á landamærum sem taldar eru upp í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 282/2004.

(\*) Stjttíð. EB L 94, 31.3.2004, bls. 63.“

*7. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal þróa upplýsingatæknibúnað sem gerir kleift að safna tilkynningum frá aðildarríkjum sem taka þátt í Animo-kerfinu og fella þær inn í Traces-kerfið.

Framkvæmdastjórninni skal úthlutað 48 000 evrum til þróunar á slíkum búnaði og til þátttöku í Animo-kerfinu.

*8. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*